

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-03.08.	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	04.08.-18.08.	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	19.08.-31.08.	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	212
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.08.	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0705.2100	Kaffifíflsblöð	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	102
0706.9000	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	58
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-03.08.	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	04.08.-18.08.	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	19.08.-31.08.	ótilgr.	15	138
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.	ótilgr.	7,5	100
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.